

**467. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 13. maí 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og því skoðast fundurinn lögmætur.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætast fimm nýjir liðir.

Undir fundargerir til kynningar bætisti við :

Liður 4. sem er fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 23. apríl s.l. og liður 5. sem er fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 11 apríl s.l.

Undir fundargerðir til staðfestingar bætist við :

Liður 7 sem er Fundargerð Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá 12 maí 2014, sem auglýst var með fundarboði.

Undir almenn erindi bætist við :

Liður 15. sem er Upplýsingagjöf sveitarstjóra og

liður 16, Umsókn um gæludýrahald. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. 1405026 - Fundargerð stjórnar BsVest frá 23 apríl 2013.**
Til kynningar.
- 2. 1405024 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 23 apríl 2014.**
Til kynningar.
- 3. 1405023 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 26. mars 2014.**
Til kynningar.
- 4. 1405042 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 11. apríl 2014.**
Til kynningar.

5. 1403005F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 2

Tekin var til afgreiðslu fundargerð 2. fundar Byggingar-,skipulags-, og umhverfisnefndar fundargerðin er í 6 liðum.

Eftirtaldir liðir voru teknir til afgreiðslu, N1 uppgröftur geyma, mál nr 1405020, Deiliskipulag við virkjun Keldeyrará mál nr. 1307018 og deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði mál nr. 1404020.

Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.
Samþykkt samhljóða.

5.1. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.

Erindi frá N1 ehf. Í erindinu er sótt um leyfi fyrir til að grafa upp gamla geyma sem eru á lóð félagsins að Strandgötu 28. Um er að ræða 3 geyma.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að olíulagnir milli þáverandi dælu og tanka, ásamt olíuskilju(m) verði einnig teknar upp.

Komi í ljós að jarðvegur sé mengaður undir tönkum, lögnum eða skiljum skal úr því bætt með loftun eða jarðvegsskiptum, að mati Heilbrigðisfirlits Vestfjarða.

Heilbrigðisfulltrúi eða byggingarfulltrúi verði kallaðir til úttektar þegar efnið hefur verið grafið upp.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

5.2. 1307018 - Deiliskipulag virkjun Keldár

Tekið fyrir deiliskipulag virkjun Keldeyrará. Deiliskipulagið var auglýst frá 9. desember 2013 til 24. Janúar 2014. Beðið er frekari gagna.

Málinu frestað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

5.3. 1404020 - Deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði

Deiliskipulag Tálknafjarðarhafnar tekið fyrir, greinargerð og uppdráttur dags. 5. Maí 2014. Deiliskipulagið er unnið af Landmótun sf. Deiliskipulagssvæðið liggur neðan Strandgötu frá Strandgötu 20 að Hólsá. Svæðið sem um ræðir liggur innan skilgreinds hafnarsvæðis, athafnasvæðis A4/A5 og iðnaðarsvæðis I4 samkvæmt Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna og auglýsa tillöguna skv. 40 og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

5.4. 1402060 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir súrefnistank við fiskeldisstöð

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags, og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

6. 1405005F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 3

Tekin var til afgreiðslu fundargerð 3. fundar Byggingar-,skipulags-, og umhverfisnefndar fundargerðin er í 6 liðum.

Eftirtaldir liðir voru teknir til afgreiðslu, Deiliskipulag við virkjun Keldeyrará mál nr. 1307018, umsókn um framkvæmdarleyfi mál nr. 1405031, umsókn um framkvæmdarleyfi mál nr. 1405032 og breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006 -2018 vegna breyttrar landnotkunar í Norðurbotni og ný náma við Hálfán. mál nr. 1303050. Að öðru leyti er fundargerðin staðfest. Samþykkt samhljóða.

6.1. 1307018 - Deiliskipulag virkjun Keldár

Tekið fyrir deiliskipulag virkjun Keldeyrarár, dags. 15. febrúar 2014. Deiliskipulagið var auglýst frá 9. desember 2013 til 24. Janúar 2014. Ein athugasemd barst á auglýsingartíma. Hún var frá landeiganda Eysteineyrar en hann benti á að gert væri ráð fyrir fjórum fiskeldiskörum auk virkjunarinnar. Í kjölfarið var drögunum breytt þannig að byggingarreitur var stækkaður til að rúma kerin. Jafnframt var lóðarafmörkun felld út, enda mannvirkin hluti af núverandi rekstri á jörðinni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og þær breytingar sem gerðar hafa verið. Vegna umfangs breytingarinnar þá felur nefndin skipulagsfulltrúa að endurauglýsa deiliskipulagið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og senda hana til umsagnar til Fiskistofu, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar og Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

6.2. 1405031 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Efnistaka

Erindi dags. 8. maí 2014 frá Dýrfiski hf. þar sem óskað er eftir endurnýjun framkvæmdaleyfis á landi félagsins nr. 140294.

Um er að ræða efnistöku á tveimur stöðum sem tilgreind eru í núverandi tillögum að deiliskipulagi. Taka á samtals 19.000 m³ úr tveimur námum, 4.000 m³ úr námu neðan vegar og 15.000 m³ úr námu ofan vegar. Námurnar eru tilgreindar sem E2 og E3 í Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018.

Fyrirhuguð efnistaka er vegna framkvæmda innan framkvæmdasvæðis Dýrfisks hf. og fylgigögn með umsókn er deiliskipulagstillaga dags. September 2012.

Námurnar tvær eru samkvæmt aðalskipulagi og deiliskipulagi sem hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar skv. 42. grein skipulagslaga 123/2010.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 5. mgr. 13. gr. um framkvæmdaleyfi er kveðið á um að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir geti sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í 3. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga er hins vegar ákvæði um að skipulagsnefnd geti fallið frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða

leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og /eða umsækjanda. Með vísan í fyrrgreind lagaákvæði leggur byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd til við sveitarstjórn að fallið verði frá grenndarkynningu og umsókn Dýrfisks um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr námu E2 og E3 skv. aðalskipulagi verði samþykkt og að skipulagsfulltrúa verði falið að leita umsagnar umsagnaraðila og gefa út leyfið eins og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 44/1999 gr. 47 og 48 um náttúruvernd mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar og samþykkir að fallið verði frá grenndarkynningu og veitir framkvæmdaleyfi í samræmi við afgreiðslu byggingarnefndar. Samþykkt samhljóða.

6.3. 1405032 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - nýr vegslóði

Erindi dags. 8. maí 2014 frá Dýrfiski hf. þar sem óskað er eftir að leggja vegslóða á landi félagsins, nr. 140294, frá efnistökusvæði skv. meðfylgjandi mynd. Vegslóðinn er til að auðvelda flutning á efni inn á framkvæmdasvæði við eldisstöð félagsins skv. stöðuleyfi sem veitt var af byggingarfulltrúa þann 23.01.2014. Vegslóðinn mun einnig minnka til muna efnisflutninga eftir Bíldudalsvegi.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 5. mgr. 13. gr. um framkvæmdaleyfi er kveðið á um að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir geti sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í 3. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga er hins vegar ákvæði um að skipulagsnefnd geti fallið frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og /eða umsækjanda. Með vísan í fyrrgreind lagaákvæði leggur byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd til við sveitarstjórn að fallið verði frá grenndarkynningu og umsókn Dýrfisks hf. um framkvæmdaleyfi vegna lagningar vegslóða að námu E2 skv. aðalskipulagi verði samþykkt og að skipulagsfulltrúa verði falið að leita umsagnar umsagnaraðila og gefa út leyfið eins og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 44/1999 gr. 47 og 48 um náttúruvernd mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefndar og samþykkir að fallið verði frá grenndarkynningu og veitir framkvæmdaleyfi í samræmi við afgreiðslu byggingarnefndar. Samþykkt samhljóða.

6.4. 1303050 - Breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-20018 vegna breytrar landnotkunar í Norðurbotni og ný náma við Hálfán

Tekin fyrir breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps Norður Botn og Hálfán.

Tillagan var kynnt á opnu húsi 19. september 2013 og auglýst frá 9. desember til 24. janúar 2014.

Engar athugasemdir bárust. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir skipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða hana skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða hana skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7. 1405003F - Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 2

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

8. 1404003F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 1

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

9. 1405027 - Fundargerð 815. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10 apríl 2014.

Til kynningar.

10. 1405018 - Ofanflóðavarnir Tálknafirði.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
Samþykkt samhljóða.

11. 1405004 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og undirstofnanna fyrir árið 2013.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans lagður fyrir síðari umræðu.

Helstu lykiltölur eru að heildartekjur A og B hluta voru 266.918 þús. kr. og heildar rekstrargjöld í A og B hluta 244.884 þús. kr. Niðurstaða rekstrar samstæðu án fjármunatekna og fjármagnsgjalda er jákvæð um 22.034 þús. kr. Niðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða er jákvæð 10.429 þús. kr. Meðal óvenjulegra liða er gjaldfærsla sem nemur 17.923 þús. kr. en þar er um að ræða kostnað vegna jarðhitaleitar en fjárhæðin byggir á áföllnum kostnaði umfram lánveitingu Orkusjóðs auk mats á greiðsluskyldu af láninu sem veitt var til framkvæmdanna. Rekstrarniðurstaða er því neikvæð um 7.495 þús. kr. Tekið skal fram að ekki liggur fyrir hver endanleg fjárhæð höfuðstóls verður og er óvissa til staðar í matinu þar sem endanleg niðurstaða er í höndum ráðherra. Fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu rekstrar að fjárhæð 9.820 þús. kr.

Veltufé frá rekstri var 3.241 þús. kr. og nemur handbært fé í árslok 2.125 þús. kr. Eigið fé A og B hluta var í árslok 172.294 þús. kr. og lækkar um 3.641 þús. kr. á milli ára. Eigið fé og skuldir A og B hluta eru samtals 344.974 þús. kr. og greinast skuldir sem hér segir, langtímaskuldir 108.597 þús. kr. og skammtímaskuldir 64.083 þús.kr., þar af eru næsta árs afborganir langtímalána 15.878 þús. kr. Á árinu var tekið lán að upphæð 8.848 þús.kr. til fjármögnunar á fjárfestingum ársins sem voru 14.554 þús.kr. Rétt er að taka fram að frá lántöku ársins hefur áætluð eftirgjöf láns frá Orkusjóði verið dregin frá. Nánar er getið um málið í skýringum 9 og 15 í ársreikningi.

Rekstrartekjur A og B hluta skiptust með eftirfarandi hætti: Skatttekjur voru 199.143 þús. kr. samanborið við 188.070 þús. kr. samkvæmt fjárhagsáætlun. Framlög úr Jöfnunarsjóði voru 80.648 þús. kr. samanborið við 71.780 þús. kr. í fjárhagsáætlun, aðrar tekjur voru 67.775 þús. kr. samanborið við 67.805 þús. kr. í fjárhagsáætlun. Rekstargjöld A og B hluta skiptast sem hér segir: Laun og launatengd gjöld 53.387 þús. kr. samanborið við 53.584 þús. kr. í fjárhagsáætlun, annar rekstarkostnaður er 180.451 þús.kr. samanborið við 168.138 þús.kr. í fjárhagsáætlun. Afskriftir námu 11.045 þús.kr. samanborið við 10.590 þús. kr. í fjárhagsáætlun. Undirritað staðfestingarbréf stjórnenda lagt fram og lesið. Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2013 borinn upp til samþykktar.
Samþykkt samhljóða.

12. 1312055 - Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016

Sveitarstjóra er falið að undirrita framlagðan samning vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum, heildargreiðsla Tálknafjarðarhrepps vegna verkefnisins er kr. 875.124.- sem skiptist á þrjú ár.
Samþykkt samhljóða.

13. 1405022 - Vinnuskóli Tálknafjarðarhrepps 2014.

Vinnuskóli Tálknafjarðarhrepps verður starfræktur frá 5. júní til 18. júlí 2014. Sveitarstjóri fór yfir fyrirkomulag vinnuskólans.
Lagt fram til kynningar.

14. 1309109 - Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Sveitarstjórn samþykkir að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 25 milljónir króna til 15 ára með jöfnum afborgunum og fljótandi verðtryggðum vöxtum . Sveitarstjóra falið að ganga frá lánsúmsókn og leggja lánstilboð fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða.

15. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir fjárhagsupplýsingar, ss innborgaða staðgreiðslu.

16. 1405041 - Umsókn um leyfi til að halda gæludýr.

Ásgeir Jónsson vísar til fundi. Samkvæmt 56. gr reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 kemur fram að þeir sem halda gæludýr í mannvirkjum á íbúðalóðum í þéttbýli, eða á heimilum sínum þurfa ekki að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar eða sveitarstjórnar nema ákvæði samþykktar sveitarfélagsins kveði á um annað.

Þar sem ekki eru neinar hömlur eða takmarkanir að finna í samþykktum vegna hænsfugla þá getur sveitarfélagið ekki takmarkað eða sett hömlur umrætt dýrahald. Þó ber að geta að um hænsanahald gilda almennar reglur, sem gilda um annað gæludýrhald en þar segir:

1. Eigandi komi í veg fyrir að hávaði frá dýrunum angri næstu nággranna.
2. Skítur eftir dýrin sé þrífinn upp og fjarlægður þannig að óþefur angri ekki nággranna.
3. Viðkomandi dýr séu höfð í bandi eða innan girðingar þannig að útilokað sé að dýrin sleppi út og smiti eða skemmi eigur annara.
4. Skriflegt samþykki næstu nággranna sé til staðar ef um fjöleignahús er að ræða.

Sveitarstjórn beinir því til byggingar- skipulags- og umhverfisnefndar að mótaðar verði reglur um dýrahald í þéttbýli.
Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Ásgeir Jónsson tók sæti aftur á fundinum.

17. 1405025 - Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2013.

Til kynningar.

18. 1405029 - Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tillögu til þingsályktunnar im fjögrra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016.

Til kynningar.

Birna Benediktsdóttir hefur ekki tækifæri að sitja síðasta fund sveitarstjórna og vill því þakka sveitarstjórn og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins ánægjulegt samstarf á kjörtímabilinu.

Síðasti fundur sveitarstjórnar kjörtímabilið 2010 - 2014 verður haldinn mánudagin 2. júní n.k.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45.
